HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað

Efni: Notendastýrð persónuleg aðstoð Hafnarfjarðarbæjar við fatlað fólk
Til: Fjölskyldubjónustu Hafnarfjarðar
Dags: 6. nóvember 2018

Inngangur

Ný lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 tóku gildi 1. október sl. Í lögunum er NPA þjónusta lögleidd.

> ***11. gr.*** Notendastýrð persónuleg aðstoð.
> ☐*Einstaklingur á rétt á notendastýrðri persónulegri aðstoð hafi hann mikla og viðvarandi þörf fyrir aðstoð og þjónustu, svo sem við athafnir daglegs lífs, heimilishald og þátttöku í félagslífi, námi og atvinnulífi.*
> ☐*Aðstoðin skal vera skipulögð á forsendum notandans og undir verkstýringu og verkstjórn hans. Ef notandinn á erfitt með að annast verkstjórn vegna fötlunar sinnar skal hann eiga rétt á aðstoð við hana, sbr. þó ákvæði 6. gr. Aðstoðin skal um leið vera heildstæð þar sem þjónustukerfi félags-, heilbrigðis- og menntamála samhæfa aðstoð sína í þágu þess sem nýtur hennar.*
> ☐*Umsýsluaðili NPA-samnings ber vinnuveitendaábyrgð gagnvart starfsfólki sínu og skal sjá til þess að uppfyllt séu ákvæði laga og reglugerða um réttindi starfsmanna sem aðstoða hann, m.a. hvað varðar aðbúnað á vinnustað þeirra, sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og aðrar meginreglur íslensks vinnuréttar og kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Sveitarfélag getur afturkallað ákvörðun um umsýslusamning verði misbrestur þar á og hafi ekki verið bætt úr þrátt fyrir ábendingar þar að lútandi.*
> ☐*Ráðherra gefur út reglugerð og handbók um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, m.a. um hlutverk og ábyrgð, skipulag og útfærslu, þ.m.t. viðmið um umfang þjónustu og lágmarksstuðningsþarfir, eftirlit og kostnaðarhlutdeild aðila í samráði við sveitarfélög og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.*
> ☐*Sveitarfélög bera ábyrgð á framkvæmd aðstoðarinnar og skulu setja nánari reglur þar um í samráði við notendaráð fatlaðs fólks eða samtök fatlaðs fólks.*

Starfshópur á vegum Velferðarráðuneytisins með fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, félagsmálastjórum, sveitarfélögum og hagsmunasamtökum fatlaðs fólks hefur unnið að gerð reglugerðar um NPA. Reglugerðin er ekki frágengin og er enn til vinnslu í Velferðarráðuneytinu. Óvissa er því um það hvernig sveitarfélögum er ætlað að stíga fyrstu skrefin í því umhverfi að NPA sé lögfest þjónustuform.

HAFNARFJÖRÐUR

NPA samningar í Hafnarfirði

Allt frá árinu 2012 fram til 1. október 2018 hefur NPA verið skilgreint sem tilraunaverkefni. Sveitarfélögum hefur ár hvert verið gert að sækja um mótframlag vegna slíkra samninga til Jöfnunarsjóðs sem greitt hefur 25% af kostnaði samninga að frádreginni grunnþjónustu sveitarfélagsins.

ÁR	FJÖLDI NPA SAMNINGA	TÍMAGJALD	HEILDARKOSTNAÐUR
2012	6	*Kr. 2.800*	*Kr. 157.087.463*
2013	8	Kr.2.943	Kr. 107.821.821
2014	5	Kr. 2943	Kr. 64.780.215
2015	7	Kr. 3090	Kr. 114.151.853
2016	7	Kr. 3.399	Kr. 115.623.885
2017	7	Kr. 3.522	Kr. *146.691.303*
2018	6	Kr. 3.650	Kr. *99.445.588*
2019	14	óvíst	óvíst

Í bréfi Jöfnunarsjóðs, dagsettu 22. júní sl. var óskað eftir umsóknum frá sveitarfélögum landsins vegna nýrra NPA samninga fyrir árið 2019. Hafnarfjarðarbær óskaði eftir að fjölga samningum úr sex í fjórtán. Þeir átta einstaklingar sem óskað var eftir að fengju NPA samning eru nú þegar með beingreiðslusamning hjá sveitarfélaginu. Eftir standa fjórir beingreiðslusamningar fatlaðs fólks við sveitarfélagið sem hugsanlega væri rétt að gera einnig að NPA samningum óháð því hvort samþykki fáist fyrir endurgreiðslu frá Jöfnunarsjóði eða ekki. Þrír einstaklingar eru auk þess með beingreiðslusamninga vegna grunnþjónustu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Tillögur NPA miðstöðvarinnar um laun vegna NPA samninga árið 2019 kemur fram í minnisblaði dagsettu 3. október 2018, en þar er lagt til að jafnaðarkaup pr. tíma verði kr. 4.117,38.

Guðrún Frímannsdóttir

Guðrún Frímannsdóttir,
Deildarstjóri stoðþjónustu